



Háskólinn
á Akureyri
University
of Akureyri

Málfræði – nytsöm fræðigrein

Mikilvægi málfræðikennslu í skólastarfi

Erla Sigrún Einarsdóttir

HUG- OG FÉLAGSVÍSINDASVIÐ

Lokaverkefni til

B.Ed. -gráðu í kennarafræðum

Kennaradeild

Júní 2017

Málfræði – nytsöm fræðigrein

Mikilvægi málfræðikennslu í skólastarfi

Erla Sigrún Einarsdóttir

12 eininga lokaverkefni til B.Ed. -prófs í kennarafræðum

Leiðbeinandi: Kristín Margrét Jóhannsdóttir

Kennaradeild

Hug- og félagsvísindasvið

Háskólinn á Akureyri

Akureyri, júní 2017

Ágrip

Í öllum samfélögum manna eru tungumál sem menn tala sín á milli. Í öllum tungumálum eru ákveðnar reglur sem kallast málfræðireglur. Þegar barn hefur skólagöngu um sex ára aldur er það orðið altalandi og beitir flestum málfræðireglum nokkurn veginn rétt. Því má spyrja sig af hverju verið sé að kenna málfræði í skólum? Á að kenna eitthvað sem allir kunna? Er öll þessi málfræði til einhvers eða er bara verið að kenna reglur til að fylla upp í kennsluskyldutíma? Er kannski mikilvægur tilgangur með því að læra málfræði, að læra að tala rétt? Hver er þá sá tilgangur? Þessum spurningum verður öllum svarað í þessari ritgerð. Sýnt verður fram á að mikilvægt sé fyrir alla að þekkja og skilja málfræðireglur síns móðurmáls. Móðurmálið er tungumálið sem við drekkum með móðurmjólkinni. Það er tungumálið sem gerir okkur að þjóð. Tungumálið sem við tilheyrum og er hluti af okkur. Ef við skiljum ekki okkar eigið tungumál, okkar sameiningartákn, hvernig getum við þá staðið saman sem þjóð? Því er haldið fram að eftir því sem við skiljum tungumálið okkar betur og eftir því sem við getum betur talað um það verðum við betri málnotendur og að þessi kunnátta og færni hjálpi okkur einnig að skilja og læra önnur tungumál. Af þessu má sjá að mikilvægi þess að læra málfræði er margvísleg. Mikilvægið felst í að skilja sjálfan sig og samfélagið, verða betri málnotendur, vita hvernig á að haga orðum sínum og framkomu eftir aðstæðum, bæta við orðaforða. Þeir sem ná góðri færni í málfræði eru oft sterkari námsmenn og eiga auðveldara með að læra þegar á efri stig er komið.

Abstract

In every human community, there are languages spoken in order to talk to each other. In every language, there are some rules called grammar. When kids begin in school around six years old, they can already speak and use grammar rules more or less correctly. So you may ask why grammar is taught at school? Why teach something that everybody knows already? Is there a reason for all this grammar that is taught in school or is the grammar classes only to fill up time? Is there perhaps an important reason for learning about grammar? What is the gain? These questions will be answered in this paper. The argument is that it is very important for everyone to know and understand the grammar rules of their mother tongue. The language that children first hear and learn and understand. The languages that make a nation. The language we belong to is a part of our self. If we don't understand our own language, our unifying force, how can we act as one nation? The paper argues that the better we understand our own language and the better we can discuss it, the better we can understand foreign languages. That is why it is important for many reasons to learn grammar. Not only for understanding the community, being better at using language, knowing how to use the language under different circumstances, adding more vocabulary, but also to become better students and learners.

Efnisyfirlit

Ágrip.....	ii
Abstract	iii
1. Inngangur.....	2
2. Af hverju á að kenna málfræði?	4
3. Hver á að kenna málfræði?.....	9
3.1. Hlutverk kennarans	10
3.2. Hlutverk skólans	11
4. Hvaða málfræði á að kenna?	13
5. Hvernig á að kenna málfræði	17
6. Hvenær á að kenna málfræði.....	21
6.1. Leikskólinn	21
6.2. Grunnskólinn	22
6.3. Framhaldsskólinn	23
Lokaorð	25
Heimildir	26

1. Inngangur

Tungumálið okkar er vissulega lifandi og í stöðugri þróun. Alltaf er verið að búa til ný orð fyrir nýja tækni og erlend orð eru íslenskuð. Öll tungumál þurfa að lúta ákveðnum reglum og þessar reglur kallast málfræði. Málfræðireglurnar eru til þess að málið virki eins og ætlast er til af því. Málnotendur þurfa að skilja hver annan til að geta átt í samskiptum. Þeir þurfa að koma því til skila sem þeir ætla að segja og þá er nauðsynlegt að þeir tali þannig að aðrir skilji. Móðurmálskennsla er því veigamikill þáttur í skólasterfi grunnskólans og þar er málfræði ofarlega á blaði. Í málfræðikennslu er lögð áhersla á að nemendur læri og skilji hinar ýmsu og misjafnlega flóknu málfræðireglur íslenskunnar.

Við erum vissulega misgóðir málnotendur. Sumir eru vel að sér í málsháttum og orðtökum ýmiskonar á meðan aðrir reyna að skreyta mál sitt með orði eða orðtaki sem þeir kunna í raun ekki að fara með. Sumir hafa mikinn orðaforða en aðrir lítinn og skilja jafnvel ekki tungumálið þegar notuð eru sjaldgæf eða gömul orð. Þágufallssýki er vel þekkt á meðal máliðkenda en þá er þágufall notað í stað nefnifalls eða þolfalls. Enn aðrir eiga erfitt með fallbeygingu. Margir eiga það jafnvel til að fallbeygja aðeins annað nafnið þegar fólk heitir tveim nöfnum, svo sem *ég er að fara til Sigurðar Hrafn* eða *ég er að fara til Jón Ingva*. Í fyrra dæminu er aðeins fyrra nafnið fallbeygt en í síðara dæminu fær eingöngu seinna nafnið fallbeygingu. Þegar börn hefja skólagöngu eru þau orðin altalandi þó þau tali ekki endilega alveg rétt.

Nú kunna einhverjir að spyrja hvort það sé bara ekki allt í lagi að vera með þágufallssýki, fallbeygja aðeins hluta nafns og búa til nýja merkingu einhverra orða. Svarið er að þótt málið breytist þá eru ákveðnar reglur sem segja til um hvernig á að beita því og á meðan þágufallssýkin er ekki viðurkennd regla samkvæmt íslenskum málfræðireglum þá er hún ekki rétt, þrátt fyrir hversu algeng hún er orðin. Samkvæmt málfræðireglum á að fallbeygja bæði nöfnin. Einfalda svarið er að „ef venjur málsins eru virtar er málið **rétt**. Ef þær eru brotnar er málið **rangt**“ (Höskuldur Þráinsson, 2005, bls. 4).

Þá má spyrja sig af hverju verið sé að kenna málfræði í skólum? Á að kenna eitthvað sem allir kunna? Er öll þessi málfræði til einhvers eða er bara verið að kenna reglur til að fylla upp í kennsluskyldutíma? Er kannski mikilvægur tilgangur með því að læra málfræði að læra

að tala um málfræði? Til þess að finna svör við þessum spurningum voru fræðigreinar málfræðinga skoðaðar og gluggað í hvað þeir hafa um málið að segja. Þá var auk þess rýnt í könnun sem Ásgrímur Angantýsson gerði á ritun málfræðikennslu í *Skímu*, sem er mál gagn móðurmálskennara, en hann skoðaði hvað móðurmálskennarar hafa haft um málið að segja frá upphafsári tímaritsins. Auk þess voru áfangalýsingar tveggja framhaldsskóla skoðaðar með íslenskukennslu sérstaklega í huga.

Tilgangurinn með málfræðikennslu er fyrst og fremst að búa til betri málnotendur. Ef við þekkjum málfræðihugtökin á okkar eigin móðurmáli, auðveldar það okkur að tala um málið sem hjálpar okkur við nám í erlendum tungumálum. Kennari sem kennir erlend tungumál, þarf að geta talað um tungumálið svo nemendur skilji, geta útskýrt hvernig nýja tungumálið er byggt upp og af hverju orðin standa þar sem þau standa í setningunum, hvernig lýsingarorðin eru stigbreytt og hvernig forsetningarnar stýra nafnorðunum, auk þess eykur skilningur á málfræðihugtökum orðaforðann og skilning á móðurmálinu.

Líkja má tungumálum og tungumálaþekkingu við að aka bíl. Ekki er nóg að geta sett bílinn í gang og bruna af stað. Ökumenn þurfa að kunna umferðareglur og vita hvað umferðamerkin þýða til að verða betri ökumenn. Eftir því sem þeir skilja umferðareglurnar betur, því betri ökumenn verða þeir. Eins er með máliðkendur, eftir því sem þeir skilja tungumálið betur, því betri málnotendur verða þeir.

Skipting ritgerðarinnar er á þennan veg. Í kafla tvö er fjallað um af hverju á að kenna málfræði og til hvers málfræðireglurnar eru. Þriðji kafla fjallar um hver á að kenna, hvert hlutverk kennarans er annars vegar og skólans hins vegar. Í kafla fjögur er vöngum velt yfir hvaða málfræði á að kenna og í kafla fimm eru kennsluáferðir skoðaðar og hvaða aðferðir kennarar telja árangursríkar. Kafla sex er um hvenær æskilegt er að kenna málfræði og hvernig er byggt ofan á þá þekkingu sem fyrir er.

2. Af hverju á að kenna málfræði?

Móðurmál er fyrsta tungumálið sem einstaklingur lærir. Tungumálið sem barn er alið upp við. Tungumálið sem einstaklingur notar þegar hann hugsar og dreymir. Tungumálið sem einstaklingurinn ræður best við og er skilgreint sem móðurmál (Guðrún Kvaran, 2016). Móðurmálið er eitt af því sem gerir okkur að þeirri manneskju sem við erum. Það sameinar okkur í þá þjóð sem við tilheyrum og erum hluti af. Eitt það mikilvægasta sem við getum gert til að verða enn betri þegar er að kunna og skilja íslenska tungu (Baldur Sigurðsson, 1992, bls. 31).

Flest börn á Íslandi hefja skólagöngu mjög ung að aldri er þau byrja í leikskóla. Þau eru þá þegar byrjuð að tileinka sér móðurmálið og beita ýmsum málfræðireglum. Þar af leiðandi er mjög brýnt að kennarar leikskólastofnana séu vel að sér í móðurmálinu (Indriði Gíslason, 1987, bls. 58). Þegar börn hefja grunnskólagöngu eru þau orðin altalandi og kunna flestar málfræðireglur án þess að þekkja nöfnin á málfræðihugtökunum sem þau beita þegar þau tala. Þau þekkja ekki alla orðflokkana sem þau nota og vita ekki heldur til hvers þeir eru og þaðan af síður til hvers og eftir hvaða reglum orðin eru flokkuð. Ekki er furða þótt börnin viti þetta ekki þar sem enginn hefur lagt sig fram um að fræða þau um það. Enda er fyrsta áherslan lögð á að börnin geti sagt orðin, borið þau fram og notað þau til að tjá sig. Eftir því sem börn eldast og þroskast eykst málþroski þeirra. Þá hefst hin formlega móðurmálskennsla og eru það fyrstu skrefin á ævilöngum lærdómi þar sem manneskjan lærir móðurmálið svo lengi sem hún lifir (Höskuldur Þráinsson, 1981. bls. 5).

Til að geta skoðað málfræði þarf að vita hvað málfræði er og hvernig hún er skilgreind. Guðrún Kvaran (Guðrún Kvaran, 2016) skilgreinir málfræði sem reglur þær sem tungumálið byggist á og þar af leiðandi er málfræðin og málfræðiþekking einstaklinga mikilvæg til að gera málnotendur enn betur í stakk búna til að nota tungumálið eins vel og hægt er. Þess vegna eru málfræðireglur tungumálsins mikilvægar. Jafnframt er mikilvægt að málnotendum séu kynntar reglur tungumálsins svo þeir geti nýtt þær skilji um leið hvernig móðurmálið er upp byggt. Með málfræðikennslu er ýtt undir skilning á tungumálinu sem er eins og rótarsproti af okkur sjálfum. Það er að segja, móðurmálið er sú menningarafleið sem

við fæðumst inn í og höfum meðfædda tilhneigingu til að læra að nota og þar af leiðandi mikilvægur hluti af okkur sjálfum (Baldur Sigurðsson, 1992, bls. 31).

Nemendur koma frá jafn misjöfnum heimilum og þau eru mörg og hefur félagslegt umhverfi þeirra umtalsverð áhrif á lestrarfærni þeirra. Auk þess hefur efnahagur og félagsleg staða heimilisins áhrif á námsárangur barnanna. Til viðbótar má nefna að hvatning og stuðningur heima fyrir hefur töluverð áhrif á námsviljann (Guðmundur Engilbertsson, 2015, bls. 15). Sumir nemendur standa betur að vígi en aðrir en það er ekki þar með sagt að þeir þurfi ekki á málfræðikennslunni að halda. Allir verða að þekkja málfræðireglurnar til að geta orðið betri málnotendur. Ef barn kann og getur beitt málfræðiþekkingu sinni vel í talmáli þá aukast líkurnar á aukinni færni í lestri. Með aukinni lestrarfærni og auknum orðaforða er hægt að kenna barninu að beita hugtökunum sem tengd eru málfræði. Til dæmis er snemma hægt að virkja þekkingu barnanna á orðflokkunum eins og einkennum nafnorða og sagnorða. Þá eykst jafnframt færni þeirra til að skrifa en þannig ná þau enn betri færni til að iðka málið og málvitund þeirra eykst jafnt og þétt. Með auknum skilningi á hugtökum er hægt að skipta orðum niður í rætur og stofna og finna skyld orð eða jafnvel uppruna orða (Baldur Sigurðsson, 1992, bls. 34-35).

Tengslin milli lesturs og málfræðikunnáttu móðurmáls eru því ótvíræð og styrkja enn frekar mikilvægi þess að nemendur nái góðri lestrarfærni (Guðrún Kvaran, 2016) og verði því betri máliðkendur fyrir vikið. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 97 – 105) er „lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu.“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 97). Ekki virðast því skiptar skoðanir um mikilvægi lesturs. Hljóðkerfisvitundin er þar ofarlega á baugi en við lok fjórða bekkjar eiga nemendur að þekkja alla stafina, stafrófið, hljóðin sem stafirnir mynda og geta myndað orð. Einnig eiga þeir að geta ritað nokkuð örugglega einfalda texta og búa yfir orðaforða sem hæfir aldri þeirra og þroska (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 104). Í mörgum skólum er yndislestur oft stundaður fyrstu 15-20 mínútur í upphafi kennsludags. (Sandra Ösp Valdimarsdóttir, munnleg heimild, 17. febrúar 2017).

Munur er á hvort málfræði er iðkuð eða kennd en málfærði er iðkuð þegar tungumálið er notað. Aftur á móti þegar málfræði er kennd er tungumálið oft bútað niður í litlar einingar þar sem hver eining er útskýrð með málfræðilegum hugtökum. Þegar málfræðin er kennd eru oft samhengislausar setningar notaðar til útskýringa á viðeigandi hugtökum. Hugtökin eru mikilvæg þekking til að geta talað um tungumálið. Nemendur iðka tungumálið þegar þeir læra

að lesa, þá þroskast þeirra hljóðkerfisvitund og málvitund þeirra eykst með auknum orðaforða sem kemur með lestrarfærni. Nemendur sem ekki hafa góða lestrarfærni í upphafi skólagöngunnar þurfa þar af leiðandi að leggja sig enn betur fram til að ná sem bestum árangri. Besta leiðin til að ná árangri í lestri er æfing. Ekki er nóg að nemendur lesi eingöngu í skólanum heldur þurfa þeir að æfa sig í lestri heima.

Okkar helsti menningararfur eru bókmenntirnar. Þær þarf að varðveita og hefja upp til hærri metorða. Bókmenntirnar eru hvað merkilegastar fyrir þær sakir að okkur hefur tekist að varðveita tungumálið með hjálp þeirra. Má því segja að kjölfesta íslenskrar tungu séu bókmenntirnar (Indriði Gíslason, 1987, bls. 59-60). Nemendur eiga við lok tíunda bekkjar, samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla, meðal annars að geta „gert sér grein fyrir gildi bókmennta“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 102) og því er enn og aftur imþráð á mikilvægi lesturs, að nemendur nái góðri undirstöðu í lestri. Lestur bókmennta frá ýmsum tímum eykur orðaforða þar sem gömul orð eru notuð í stað nýrra á nútímamáli. Þá eykur lestur bókmennta máltilfinningu lesandans og þannig nær hann enn betri tókum á tungumálinu.

Tilgangurinn með málfræðikennslu er fyrst og fremst að búa til betri málnotendur. Ef við þekkjum málfræðihugtökin á okkar eigin móðurmáli, auðveldar það okkur að geta talað um málið sem hjálpar okkur við nám í erlendum tungumálum. Kennari sem kennir erlend tungumál, þarf að geta gripið í málfræðihugtök til að útskýra hvernig nýja tungumálið er byggt upp og af hverju orðin standa þar sem þau standa í setningunum, hvernig lýsingarorðin eru stigbreytt og hvernig forsetningarnar stýra nafnorðunum. Þetta er ekki hægt að útskýra án hugtaka og án þess að tala um tungumálið. Þar af leiðandi er mikilvægt að málnotendur geti talað um tungumálið sitt, til að geta útskýrt það sem þeir vilja sagt hafa auk þess sem það að þekkja hugtökin eykur orðaforðann og skilning á móðurmálinu og öðrum tungumálum sem þeir læra síðar á lífsleiðinni. Ef kennslan endurspeglar raunverulega málnotkun nemenda yrði málfræðinám hagnýtara. Þrátt fyrir að kennslufni sé í stöðugri þróun og nýjar bækur líti dagsins ljós má alltaf bæta um betur. Þegar námsefni er lagt fyrir, átta nemendur sig oft ekki á tilgangi námsins, til hvers er ætlast af þeim og af hverju. Enn og aftur kemur fram að tilgangur málfræðikennslunnar verður að vera öllum ljós til að árangur náist.

Mikilvægt er að allir nemendur læri tungumálið í sem víðustum skilningi en ekki er hægt að kenna tungumál án þess að þekkja málfræðireglurnar sem það byggir á (Ásgrímur Angantýsson, 2014, bls. 17). Góð móðurmálskennsla býr nemendur undir lífið. Tekið er meira mark á þeim sem tala og skrifa vel, þeim sem eru vel máli farnir, þeim sem hafa ríkan

orðaförða. Tilgangur skólagöngunnar er því að nemendur öðlist almenna þekkingu á flestum sviðum, ekki síst málfræði móðurmálsins. Þá þurfa nemendur að þekkja öll hugtökin sem tengjast málfræðinni til að öðlast enn betri færni í að skilja og beita tungumálinu. Því meiri þekkingu sem nemendur hafa á eðli móðurmálsins því auðveldara eiga þeir með að bæði tala um sitt eigið móðurmál og skilja hvað verið er að meina þegar kemur að því að læra erlend tungumál (Höskuldur Þráinsson, 1998, bls. 134, 150).

Ekki eru allir sammála um að nauðsynlegt sé að leggja svo mikla áherslu á hugtakakennslu og halda því fram að málfræði fái of stóran sess í íslenskukennslunni. Leggja eigi meiri áherslu á lestur, ritað mál og talað. Sumir telja að nemendur þurfi ekki að þekkja málfræðihugtökin til að verða góðir málnotendur. Sem dæmi um að málfræðihugtök hjálpi þau nemendum að skilja málið betur. Ef nemandi sér orð sem hann þekkir ekki, flettir því upp í orðabók og sér jafnvel að orðið hefur tvær merkingar, annars vegar sem nafnorð og hins vegar sem lýsingarorð, þá getur hann lesið merkinguna rétta út frá því hvar orðið stendur í setningunni. Því fram

Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga nemendur við lok fjórða bekkjar að þekkja nafnorð, sagnorð og lýsingarorð og mismunandi hlutverk þeirra í tungumálinu. Auk þess er mikilvægt að nemendur geri sér grein fyrir kyni orða og tölu, það er eintölu og fleirtölu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 104). Þetta er sú grunnmálfræði sem nemendur þurfa að þekkja til að byrja með. Þegar nemendur eru búnir að ná skilningi á þessu er hægt að byggja ofan á þá þekkingu. Til að mynda að greina mun á samnöfnum og sérnöfnum, ríma orð og geta þá leikið sér með tungumálið eins og að skoða margræðni orða svo eitthvað sé nefnt (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 104). Til að hægt sé að leika sér með tungumálið er mikilvægt að kunna málfræði þeirra orða eða orðflokka sem verið er að leika sér með.

Höskuldur Þráinsson setti fram býsna sterk rök með hugtakakennslunni þar sem hann tók saman fjölda málfræðihugtaka í handbókum ætluðum grunnskólanemum til að skoða hversu mörg hugtökin væru sem nemendur þyrftu að kunna skil á til að geta nýtt sér slíkar bækur. Hann komst að þeirri niðurstöðu að alls eru 240 málfræðihugtök í þeim bókum sem hann skoðaði. Ekki verður fjallað sérstaklega um þessi hugtök hér á þessum vettvangi en fjöldinn sýnir hversu mikilvæg málfræðikennsla í grunnskólum er ef nemendur ætla að geta nýtt sér slíkar bækur (Höskuldur Þráinsson, 1998, bls. 133). Auk þess er mikilvægt að þekkja þessi hugtök svo hægt sé að tala um málið og útskýra málið en það mun einnig koma að

góðum notum þegar verið er að læra erlend tungumál. Enda er erfitt er að tala um tungumál án þess að minnst sé á málfræðileg hugtök (Höskuldur Þráinsson, 1998, bls. 142).

Enn fleiri rök eru fyrir málfræðikennslu. Tengsl eru á milli móðurmáls og annarra tungumála og því er nauðsynlegt að kenna nemendum málfræði. Þá verða þeir betri málnotendur og geta betur tekið þátt í umræðum um mál og málfar, bæði eigin móðurmáls og erlendra tungumála. Til viðbótar má nefna að málfræði er nauðsynleg til að hafa gagn af orðabókum og handbókum (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 100) og er það í samræmi við það sem fjallað hefur verið um hér að framan.

Höskuldur Þráinsson (1998, bls. 156) og Ragnar Ingi Aðalsteinsson (2002, bls. 10) eru sammála um að ef nemendur standa höllum fæti í málfræði verði heldur að gefa í en draga úr málfræðikennslu. Þegar kannanir hafa sýnt slakan árangur nemenda í stærðfræði, dettur engum í hug að stinga upp á að minnka kröfurnar til kunnáttu í stærðfræðihugtökum. Þá blása slæmar niðurstöður vindi í seglin og gefið er í frekar en hitt. Sömu augum ætti að líta á málfræðikennslu. Gefa í frekar en að draga úr kennslu, ekki að lækka kröfustuðulinn heldur auka í við kennsluna. Þeir nemendur sem slakar standa, þurfa einfaldlega að leggja meira á sig því mjög mikilvægt er að allir nemendur nái í það minnsta lágmarksskilningi á málfræðinni og geti talað um hana, því eins og fram hefur komið mun það auðvelda allan tungumálalærdóm sem á eftir mun koma. Ef nemandi getur ekki talað um sitt eigið tungumál, hvernig á hann að geta talað um erlent mál sem hann er að kynnast?

Hér að framan hefur verið fjallað um tilgang málfræðikennslunnar. Í næsta kafla verður fjallað um hver það er sem kennir börnum málfræði. Allir sem koma að uppeldi barna á einn eða annan hátt eiga sinn þátt í því hvernig málnotendur börnin verða. Hlutverk foreldra/forráðamanna verða gerð skil sem og kennarans og skólans.

3. Hver á að kenna málfræði?

Helstu áhrifavaldar í lífi barna eru foreldrar, fjölskylda og forráðamenn. Allir sem koma að börnum á heimavelli eru máluppallendur. Þar læra börnin það sem þau kunna þegar þau hefja skólagöngu, hvort sem það er í leik- eða grunnskóla. Þó svo að ekki sé um hefðbundna móðurmálskennslu að ræða inni á heimilunum, eins og hún gerist í skólastofunni, má ekki gera lítið úr þætti heimilanna. Ekki er hægt að ætlast til að heimilin séu í stakk búin til að kenna börnum allar málfræðireglurnar sem kennarar sjá um. Með því að koma á fræðslu um mikilvægi málfræðikennslu og um leið, fræðslu um máluppeldi barna er hægt að virkja foreldra til að taka virkari þátt í málfræðinámi barnanna (Indriði Gíslason, 1987, bls. 57).

Eins og fram hefur komið, eru börn orðin altalandi við upphaf grunnskóla og kunna þar af leiðandi að beita helstu málfræðireglum móðurmálsins. Nemendur nota móðurmálið á hverjum degi, hvort sem er í skólastofunni, í frímínútum eða heima við og eru alltaf að æfa sig að beita tungunni.

Því meiri málfræði sem einstaklingur lærir, kann og skilur, því betri málnotandi er hann. Til að ná því marki að nemendur verði sem bestir málnotendur, þurfa þeir faglega leiðsögn eða kennslu. Þar reynir á hæfni kennarans að koma fræðunum til skila (Indriði Gíslason, 1987, bls. 59). Þrátt fyrir að hér sé talað um að menntaðir kennarar séu best til þess fallnir að kenna móðurmálið verður að halda því vel til haga að fyrst og fremst eru það heimilin og umhverfi barnanna utan skólans sem hafa hvað mest áhrif á móðurmálsnotkun barnanna. Það er þar sem málið er notað mest, þar sem almennar umræður eiga sér stað. Aftur á móti er fagkennslan í höndum kennaranna, þar sem hugtökin eru útskýrð og talað er um málið.

Mikilvægt er að búa kennaranema vel undir starfið og hlúa að íslenskuþekkingu þeirra því það eru kennaranemarnir sem eru framtíðarkennarar barnanna í landinu. Ef kennaranemar hafa ekki lágmarks undirstöðu í tungumálinu og eiga jafnvel erfitt með að tala um tungumálið, þá er ekki líklegt að nemendur þeirra eigi eftir að fá góða undirstöðukennslu, hvorki í leik-, grunn- né framhaldsskólum (Indriði Gíslason, 1987, bls. 58-61). Til að námsefnið komist sem best til skila er mikilvægt að kennarar séu fagmenn og vel menntaðir. Kennari sem er vel menntaður og sýnir fagmennsku í starfi er líklegri til að lífga málið og

gera það skemmtilegt án þess að hjakka endalaust í sömu málfræðinni. Þó ber að nefna að kennarar eiga alls ekki að vera skemmtikraftar fyrir nemendur sína og oft þarf að læra eitthvað sem er ekki skemmtilegt og það er nú bara þannig að sumum nemendum þykir íslenska alls ekki skemmtileg en þeir þurfa samt að læra hana (Finnur Friðriksson, munnleg heimild, 6. apríl 2017).

3.1. Hlutverk kennarans

Kennarar eru best til þess fallnir að kenna íslenska málfræði, eiga að vera fagaðilar, geta miðlað þekkingu sinni til nemendanna og útskýrt þau hugtök sem fjallað er um miðað við það námsefni sem er til umfjöllunar. Kennarar verða að hafa það að leiðarljósi hvert hlutverk þeirra er en fyrst og fremst er það að styrkja nemendur í móðurmálinu. Auk þess þarf kennarinn að hafa í huga að með röngum kennsluáðferðum sem ekki koma námsefninu til skila getur hann veikt sjálfstraust nemendanna í þeirri þekkingu sem þeir þegar hafa (Guðrún Egilsson, 1998, bls. 50). Kennarar þurfa að vita meira en nemendur til að geta miðlað þekkingu sinni. Þar af leiðandi þarf kennarinn að hafa góða þekkingu á hljóðkerfi, beygingarfræði og setningagerð, svo eitthvað sé nefnt. Kennarinn þarf jafnframt að vita hvað það er sem hann er að fara að kenna, af hverju hann ætlar að kenna það og hvernig hann hyggst miðla visku sinni til nemendanna. Auk þess þarf hann að hafa á hreinu hvaða kennsluáðferð hann ætlar að nota. Kennarar hafa þar af leiðandi það hlutverk fyrst og fremst að vera fagaðilar og segja frá staðreyndum tungumálsins, af hverju málfræðin er mikilvæg og hvernig hún virkar. Kennarar eru einnig mikilvægur milliliður milli heimila og skóla til að koma fræðinni á framfæri.

Strax og nemendur byrja að læra að draga til stafs og stauta sig áfram í lestri, hefst hin formlega málfræðikennsla og eru menntaðir kennarar best til þess fallnir að kenna hana. Æskilegast er að íslenskukennarar kenni málfræði en eins og áður hefur komið fram þykir ákjósanlegast að allir kennarar sem kenna á íslensku líti á sig sem móðurmálskennara. Þeir eru fyrirmyndir í málnotkun og nemendur geta verið fljótir að átta sig á því ef kennari beitir málinu ekki rétt. Kennarar yngstu barnanna þurfa þó sérstaklega að gæta að þessu. Börnin læra það sem fyrir þeim er haft og eru mjög meðtækileg fyrir málfari þeirra sem við þau tala. Leggja þarf áherslu á skýran og greinagóðan framburð hvort sem talað er beint frá hjartanu við börnin eða þegar lesið er fyrir þau. Á þetta við um alla kennara þrátt fyrir að kennarar

ýngstu barnanna þurfi að gæta sérstaklega vel að þessum þáttum (Indriði Gíslason, 1987, bls. 59).

Algenzt er að sami kennarinn fylgi sínum bekk fyrstu árin og hefur hann þá betri yfirsýn yfir þá móðurmálsþekkingu sem börnin búa yfir og er hann því í draumastöðu íslenskukennslu. Þrátt fyrir að kennari kenni sama bekknum og eigi þá auðveldara með að tengja málfræðina öðrum greinum, getur það reynst vandasamt en alls ekki óframkvæmanlegt (Indriði Gíslason, 1987, bls. 58). Þar af leiðandi getur kennarinn gert móðurmálskennsluna markvissari en þegar komið er upp í efri bekki grunnskóla þegar kennarar kenna ákveðin fög en ekki allar greinar í bekknum. Í efri bekkjum er farið að fjalla um flóknari málfræði og kafað dýpra í hvern flokk og ætti kennarinn því að geta útskýrt og leiðbeint nemendum þannig að þeir öðlist góða færni og þjálfun í málnotkuninni (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2002, bls. 10).

Allir kennarar ættu að gera þær kröfur til nemenda sinna að þeir skili verkefnum með vönduðu málfari hvort sem um er að ræða íslenskuverkefni eða verkefni í landafræði. Þess vegna er mikilvægt að kennarar vinni saman að því markmiði að gera nemendur að sem bestum málnotendum.

Með þessa vitneskju er hægt að færa rök fyrir því að allir sem kenna á íslensku eru í raun og veru móðurmálskennarar og því er æskilegast að allir kennarar hafi það að leiðarljósi í sinni kennslu (Indriði Gíslason, 1987, bls. 57-58).

3.2. Hlutverk skólans

Skólinn sinnir því mikilvæga hlutverki að mennta og fræða nemendur sína. Þar öðlast nemendur þekkingu sem þeir búa að alla ævi. Skólanum er auk þess ætlað að efla vitund nemenda sinna fyrir lýðræði eigin samfélags og virðingu fyrir öðrum þjóðum. Í Aðalnámskrá segir einnig að hlutverk grunnskólans sé að stuðla að alhliða menntun allra (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 31).

Til þess að þessum markmiðum verði náð þarf að ríkja vinnufriður í skólastofunni. Þetta næst með jákvæðum bekkjarbrag, jafningjastuðningi og einstaklingsmiðuðu námsefni þar sem öll börn fá til að mynda verkefni við sitt hæfi. Takist kennara að vinna rétt með óáskilega hegðun aukast líkur á að vinnufriður í kennslustund sé tryggður (Guðmundur Engilbersson, 2015, bls. 15). Hver kennslustund og hver námsgrein á fyrst og fremst að standa vörð um tungumálið okkar með markvissri móðurmálskennslu. Oft hefur borið á því að eitt

skólastig kenni næsta skólastigi fyrir neðan um ef kennurum finnst nemendur koma illa undirbúnir undir það námsefni sem ætlað er að fara yfir. Í stað þess að einbeita sér að því hvort næsta skólastig fyrir neðan hafi undirbúið nemendur nægilega vel fyrir framhaldið er æskilegt að hvert skólastig líti í eigin barm og einbeiti sér að því að efla nemendur til málvitundar og málfræðipækkingar og byggji ofan á þá þekkingu sem nemendur hafa þegar aflað sér. Menntun nemenda er undir kennurunum komið og því skal halda til haga. Kennarar bera ábyrgð á að miðla þekkingu til nemenda sinna og gera eins vel og þeir geta og fullvissa sig um að nemendur hafi náð að skilja námsefnið svo þeir geti haldið áfram á næsta stig og búið sig undir að námsefnið þyngist og málfræðihugtökinn verði flóknari. Byggja þarf traustan grunn frá upphafi sem nýtist nemendum áfram (Indriði Gíslason, 1987, bls. 58 – 61). Auk þess þarf að tryggja og treysta sjálfsmat og væntingar nemenda til eigin náms því það eru helstu áhrifavaldar til námsárangurs. Hægt er að gera það með því að nemendur fái verkefni við sitt hæfi miðað við þroska og getu eins og fram hefur komið. Einbeiting og þrautseigja ásamt áhugahvöt hafa mikil áhrif á námsárangurinn en með þessa þekkingu að leiðarljósi geta kennarar gripið tækifæri og unnið út frá fyrrgreindum þáttum til að efla nemendur til námsárangurs (Guðmundur Engilbertsson, 2015, bls. 15). Þá geta nemendur til dæmis gert rannsóknir á eigin tungumáli, skoðað hvaða orðflokka sem þeir nota mest og hvernig orð eru notuð, bæði sín á milli og inni á heimilunum. Er námið þá strax komið út fyrir kennslustofuna og nemendur orðnir virkir þátttakendur í náminu og efnið um leið gert áhugaverðara (Guðrún Egilsson, 1998, bls. 49). Með þessu móti er hægt að beina athygli nemendanna að þeim orðflokki sem meira eru notaðir og kennari leggur fyrir hvaða málfræðihugtök er verið að skoða og leggja áherslu á í það skiptið.

Foreldrar og forráðamenn eru helstu áhrifavaldar í lífi barnanna og inni á heimilinum. Allir foreldrar kenna börnum sínum þótt þeir séu ekki menntaðir kennarar. Vissulega læra börnin af þeim og ekki skal gera lítið úr því námi. Hlutverk kennara er fyrst og fremst að vera fagaðilar og kenna fræðin og skólanum er meðal annars ætlað að efla vitund nemenda sinna fyrir lýðræði eigin samfélags og virðingu fyrir öðrum þjóðum.

Nú þegar við vitum hlutverk kennaranna er ekki úr vegi að skoða hvað kennarar leggja áherslu á og hvað fræðimenn hafa að segja um málfræðikennslu í gegnum tíðina.

4. Hvaða málfræði á að kenna?

Eins og þegar hefur komið fram er barn í flestum tilfellum orðið altalandi þegar það hefur skólagöngu sína og kann að nota tungumálið nokkuð rétt og hefur náð valdi á mest öllu málkerfinu (Höskuldur Þráinsson, 1981, bls. 5). Af því má draga þá ályktun að barnið kunnir sitt móðurmál og því er eðlilegt að velta fyrir sér tilgangi móðurmálskennslu. Í gegnum tíðina hefur umræðan um móðurmálskennslu vakið upp spurningar um hvað það er sem eigi að kenna. Á hvað á að leggja áherslu, af hverju og hver er ávinningurinn af því að kenna málfræði í grunnskólum? Stundum hefur verið sagt að menn séu alla ævi að læra móðurmál sitt. Þurfa nemendur að kunna málfræði til að geta notað tungumálið til frekara náms? Er eitthvað mikilvægara en annað og hvað er það þá? Hvað má sitja á hakanum, bíða betri tíma og hvað þarf að leggja áherslu á fyrst?

Málfræðin samanstendur ekki bara af hugtökum í tungumálinu; hugtökin eru eingöngu merkimiðar sem einfalda okkur það að tala um málfræðina. Málfræðin er aftur á móti reglur tungumálsins og þær segja til um það innan hvers ramma hægt er að toga og teygja tungumálið og gera það lifandi, glæða það lífi. Hægt er að nota tungumálið á margvíslegan hátt, allt eftir því hverjir eiga hlut að máli í samfélaginu. Unglingar tala öðruvísi sín á milli en við kennarann sinn. Stofnanamál þekkja margir en þar er málið mun formlegra en þegar vinir tala saman. Innan vinnustaða er svo enn ein tegundin af svokölluðu sérhópamáli en þar tala vinnufélagar oft sín á milli um málefni sem hæst eru á baugi í þjóðfélaginu og minna um persónleg málefni. Áhugavert getur verið að fjalla um ólík málsnið í skólum. Kenna nemendum að þekkja muninn á misjöfnu málsniði. Kennari getur lagt fyrir texta þar sem nemendur greina texta þannig að þeir þekkja muninn. Einnig geta nemendur til dæmis hlustað eftir hvernig fréttamenn tala. Kennarar þurfa að geta gert grein fyrir þessum og fleiri mismunandi sérhópamálum sem víkkar þekkingu nemendanna á fjölbreytileika málsins. Þannig lífga þeir málfræðina og geta jafnvel aukið áhuga nemenda á henni, með því að nemendur tengi námið við sinn eigin reynsluheim.

Þegar árin færast yfir og nemendur komast í efri bekki fer áherslan að verða á samræmdu prófin. Þar er lögð rík áhersla á málfræðina; nemendur þurfa að vita hvað þessi málfræðihugtök nákvæmlega þýða og hver tilgangur þeirra í málinu er og þar af leiðandi er

hætta á að annað námsefni sitji á hakanum (Guðrún Egilsson, 1998, bls. 49). Kennarar þurfa að taka tillit til hæfni nemenda til að skilja tungumálið þegar þeir skipuleggja kennsluna. Þá er vert að velta fyrir sér hvaða málfræði er mikilvægari en önnur.

Ásgrímur Angantýsson, (2014) gerði óformlega könnun á málfræðiumræðunni í tímaritinu *Skímu* frá fyrsta útgáfuári 1978 til ársins 2014. Þar telur hann samtals 30 greinar sem flokkaðar eru eftir *markmiðum, viðfangsefnum og leiðum, viðhorfum til málfarskennslu og málfélagslegum þáttum*. Greinarnar eru þó ekki tímasettar þannig að ekki er hægt að sjá hvernig áherslurnar hafa breyst í gegnum tíðina. Þegar skoðuð eru markmiðin kemur í ljós að flestar greinarnar, eða 14 talsins, fjalla um það að *verða betri málnotandi*. Þar á eftir koma 12 greinar um það að *þjálfast í beitingu máls* og 11 greinar um að *geta nýtt sér málfræði í tengslum við stíl og ritun* (Ásgrímur Angantýsson, 2014, bls. 18). Þarna má glögglega sjá hvað hefur legið málfræðingum helst á hjarta varðandi tungumálið og mikilvægi þess. Tengsl málfræðinnar við málnotkun hefur greinilega verið ofarlega í huga málfræðinga sem ritað hafa í blaðið. Það að verða betri málnotandi hefur legið mönnum þungt á hjarta og styrkir enn rökin fyrir því af hverju verið er að leggja áherslu á málfræðikennslu í skólum landsins enn þann dag í dag. Í beinu framhaldi af því að verða betri málnotandi kemur fjöldi greina um þjálfun á beitingu málsins og svo strax þar á eftir einni grein færri um það hvernig menn eigi að fara að því að nýta málfræði í tengslum við stíl og ritun. Þetta eru allt forsendur sem fjallað hefur verið um hér að framan og sem styrkir enn frekar mikilvægi þess að læra málfræði og hversu víðtæk áhrif hún hefur á tungumálið.

Í þremur efstu sætunum um viðfangsefni og leiðir eru *iðkun, heildstæð móðurmálskennsla og námsefni*, öll með tíu greinar (Ásgrímur Angantýsson, 2014, bls. 18). Af þessu má leiða rök fyrir því að enn sé áhersla lögð á að geta nýtt sér tungumálið til hins ýtrasta, að verða betri máliðkendir. Þar má sjá að kennsla og kennslugögn skipa stóran sess og greinilega er lögð áhersla á mikilvægi þess að kenna tungumálið þannig að nemendur geti nýtt sér námið og tungumálið sem best. Í fjórða og fimmta sæti koma svo *uppgötvunarnám og leitarnám*, með annars vegar átta greinar og hins vegar sjö greinar (Ásgrímur Angantýsson, 2014, bls. 18). Uppgötvunarnám er kennsluáferð þar sem nemendur leita lausna við þeim viðfangsefnum sem verið er að vinna með. Þeir eiga að finna lausnirnar sjálfir og þá um leið afla þeir sér þeirrar þekkingar sem þeir þurfa til lausnar málsins. Um leið og þetta er gert, aukast líkurnar á auknum áhuga nemenda á náminu því þeir verða virkari þátttakendur og ekki mataðir á upplýsingunum sem þeir leita að (Gunnar E. Finnbogason, 2011). Leitarnám er aftur á móti áferð þar sem líkt er eftir vinnubrögðum vísindamanna. Nemendur þurfa að ígrunda

vel hvað það er sem þeir hyggjast rannsaka. Þá þurfa þeir að skipuleggja hvar þeir geta fundið upplýsingar um viðfangsefnið, gera rannsókn og vinna úr henni. Að lokum kynna nemendur þær niðurstöður sem þeir komust að (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 157-159).

Greinar um *viðhorf til málfræðikennslu*, eru tólf talsins, átta greinar eru um *skilning* og sjö greinar um *tilgangsleysi* (Ásgrímur Angantýsson, 2014, bls. 18). Greinilegt er að mönnum liggur á hjarta að tjá sig um gagnsemi málfræðikennslu og viðhorf til málfræðinnar. Miklu máli skiptir að nemendur öðlist skilning á málfræðinni, ekki bara að læra hana utanbókar þótt vissulega þurfi þeir að vita hvernig hún virkar, en ef nota á málfræðina til gagns þarf að skilja af hverju hún er eins og hún er. Einnig kemur fram í könnuninni (sex greinar) að forðast skuli stagl við málfræðikennslu. Með þessu er átt við að borið hefur á að kennarar hafa fest sig í staglkennslu, það er að segja staglast á því sama endalaust án þess að það beri tilætlaðan árangur. Vissulega þarf oft að fara yfir sama efnið oftar en einu sinni til að nemendur nái innihaldinu og öðlist skilning á því sem verið er að kenna. Þá getur verið gott að breyta um kennsluaðferð því stundum virkar einhver önnur aðferð betur en sú sem var reynd í upphafi.

Eingöngu þrjár greinaflokkar undir *málfélagslegum þáttum* er að finna í þessari rannsókn. Þar eru 13 greinar um *félagslega þætti og bakgrunn nemenda*, átta greinar um *málvillur, ambögur, sýki...* og sjö greinar um *málóttá og minnimáttarkennd, ofvöndun*. Þrátt fyrir að yfirgnæfandi fjöldi greina séu um félagslega þætti og bakgrunn nemenda þá eru undirþættir þar til að mynda *getuskipting, áhugahvöt og mismunandi forsendur til náms* og má af því draga þá ályktun að málfræðingum sé umhugað um bakgrunn, áhugahvöt og forsendur til námsins. Auk þess er skoðað í einhverjum greinum málfar sem notað er á heimilum barnanna. Seinni tveir þættirnir fjalla meira um rétt mál og rangt mál. Málfræðingum virðist því ekki standa svo mikill stuggur af því hvort og þá hvað sé rétt eða rangt mál (Ásgrímur Angantýsson, 2014, bls. 18).

Þegar þessi rannsókn er skoðuð nánar eru helstu niðurstöðurnar þær að málfræðingar virðast vera sammála um mikilvægi málfræði í tungumálum og ekki síst að málfræði skuli ekki vera slitin úr samhengi við textagreiningu og ritun. Flestir eru sammála um að málfræði skuli vera kennd í svokallaðri samfellu, það er að segja að æskilegt sé að flétta hana inn kennsluna án þess að vera með stagl og utanbókalærdóm eingöngu (Ásgrímur Angantýsson, 2014, bls. 18).

Nú stendur yfir nokkuð viðamikil rannsókn á málfræðikennslu í skólum og er um að ræða samvinnuverkefni á milli kennara á Menntavísindasviði Háskóla Íslands og í

kennaradeild Háskólans á Akureyri. Spannandi verður að sjá niðurstöður rannsóknarinnar en þar kemur meðal annars fram viðhorf kennara og nemenda til málfræðikennslu. Þar má m.a. heyra einn kennara lýsa því yfir að með því að kynna stofn orða fyrir nemendum öðlast þeir færni í að skilja byggingu orðsins sem fyrirbyggir að þeir skrifi orðin rangt, svo sem orða eins og að *tefla*, *efla* og *sigla*. Hann segir að gott sé að grípa til málfræðihugtaka í yngri bekkjum til að nemendur kynnist hugtökunum og fyrir hvað þau standi. Einnig sé erfitt fyrir kennara að útskýra móðurmálið ef ekki sé gripið til hugtakanna. Hvernig eigi annars að vera hægt að útskýra hugtakið *fleirtala* án þess að nefna hana (Finnur Friðriksson, munnleg heimild, 6. apríl 2017).

Grein Ásgríms Angantýssonar lýsir vel hugðarefnum málfræðinga í gegnum tíðina og hvað þeim hefur legið á hjarta. Fróðlegt verður að sjá hverjar niðurstöður úr rannsókninni sem verið er að vinna leiði í ljós en þar segja kennarar meðal annars frá eigin reynslu í starfi. Því er ekki úr vegi að líta á kennsluaðferðirnar og sérstaklega hvaða kennsluaðferðir henta til málfræðikennslu og hvernig eigi að kenna málfræði.

5. Hvernig á að kenna málfræði

Æskilegt er að byrja að kenna börnum sem allra fyrst vegna þess að málfræði er ekki fræðigrein sem er ætluð eldri nemendum skólakerfisins. Eins og fram hefur komið eru börn orðin altalandi málnotendur þegar þau setjast á skólabekk og því er mikilvægt að byggja ofan á þá þekkingu sem fyrir er. Til dæmis er hægt að kynna fallbeygingar þannig að nemendur eru látnir fallbeygja sín eigin nöfn og bekkjarfélaganna. Flestum börnum þykir vænt um nafnið sitt og því er tilvalið að nýta gleðina sem því fylgir í málfræðiaefingar. Þannig er málið gert lifandi, skemmtilegt og jafnvel að leik sem skilar sér í enn betri námsárangri. Eftir því sem leikurinn er skemmtilegri, því meiri gleði og áhuga fá börnin af honum og þar af leiðandi verður námsárangur betri.

Mikilvægt er að geta talað um málið. Ef nemandi getur talað um málfræði móðurmálsins mun hann eiga auðveldara með að læra erlend tungumál. Ekki eru allir á sama máli um hvaða aðferð sé vænlegust til árangurs í kennslu málfræði. Með fjölbreyttum kennsluáðferðum og rétttri nálgun á málinu minnka líkur á að málfræðikennslan endi í ógöngum. Ef málfræðikennsla endar í ógöngum, þá lendir öll umræða um málfræði í sjálfheldu (Baldur Sigurðsson, 1992, bls. 31).

Margar aðferðir er hægt að nota til að kenna móðurmálið og þá ekki síst málfræðina. Ekki er hægt að benda á hina einu sönnu aðferð en mælt er með að kennari noti þá aðferð sem honum þykir skemmtilegust. Bein tengsl eru á milli þess að kennari njóti starfs síns og þyki gaman að kennslunni og árangurs nemenda. Ef kennara þykir námsefnið leiðinlegt skilar það sér sem slakari námsárangur nemenda hans og eykur líkur á að áhugahvötin minnkar. Þess vegna er mikilvægt að kennari finni og noti þá aðferð sem honum sjálfum þykir skemmtileg og árangursrík. Þannig nær hann að smita nemendur af gleðinni og eldmóðinum sem hann sjálfur finnur og upplifir. Það sem virkar vel hjá einum kennara, getur farið algjörlega úr böndunum hjá öðrum, þannig að hver kennari verður að finna sinn eigin takt (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 13).

Þegar málfræði er kennd er mikilvægt að kennarinn byrji að kynna viðfangsefni á þann hátt sem skilar betri árangri. Kennari getur hafið kennslu á tvennan hátt. Kennarinn kynnir námsefnið þannig: „Nú skulum við tala um beygingu nafnorða“ (Baldur Sigurðsson, 1992,

bls. 32). En hann getur líka sagt: „Nú skulum við tala um orðið *ljóð*“ (Baldur Sigurðsson, 1992, bls. 34). Námsefni viðkomandi kennslustundar er greining nafnorða og orðið er *ljóð* sem fjallað skal um. Þarna er greinilegur munur á nálgun námsefnisins. Í fyrra dæminu er byrjað að tala um málfræðihugtök þar sem nemendur eiga að fara að greina orð, jafnvel orð sem slitin eru úr samhengi. Í seinna dæminu sem tekið er hér að framan fá nemendur strax að vita að umfjöllunarefnið er ákveðið orð sem þau þekkja. Jafnvel án þess að gera sér grein fyrir því er þessi kveikja komin í gang um leið og nemendurnir jafnvel byrjaðir að greina orðið ómeðvitað.

Vænlegasta kennsluaðferð til árangurs er að kenna móðurmál í einni samfellu, það er að segja, ekki búta tungumálið niður í hólf (Baldur Sigurðsson, 1992, bls. 32). Ein skilgreining á heildstæðri móðurmálakennslu er: „kennsluaðferð þar sem móðurmálið er skoðað út frá því sem nemendur hafa náð tökum á og lögð er áhersla á að nemendur noti tungumálið“ (Lilja Ólafsdóttir, 2002, bls. 5). Til einföldunar á þessu er að best sé að kenna tungumálið með því tungutaki sem nemendur skilja best og hafa náð tökum á. Ekki að slíta tungumálið úr samhengi, nota setningar sem hægt er að tengja við reynslu- eða þekkingarheim og nota fjölbreyttar kennsluaðferðir í stað þess að festast í stagli og eintómum utanbókarlærdómi. Með fjölbreyttum kennsluaðferðum eru minni líkur á að nemendur verði leiðir á námsefninu og helst það í hendur við betri námsárangur.

Vissulega er málfræðin þannig fræðigrein að til að sem bestur árangur náist þarf að leggja fyrir verkefni með endurtekningum en þó eru til kennarar sem telja þá kennsluaðferð óæskilega (Baldur Sigurðsson, 1992, bls. 31). Atriði eins og stigbreyting lýsingarorða, fallbeygingaræfingar og óreglulegar sagnir til dæmis er erfitt að kenna svo festist nemendum vel í minni án endurtekningaræfinga. Þá er gott að geta gripið í þar til gerðar vinnubækur með viðeigandi verkefnum. Kosturinn við vinnubókaverkefni er að nemendur fá skýr fyrirmæli um hvað það er sem vænst er af þeim og kennarar eiga auðvelt með að sjá hvar nemendur standa (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 90 – 91). Í vinnubókum eru eyðufyllingarverkefni algeng og er vinnubókakennsla ein algengasta aðferðin í tungumálakennslu. Tilgangurinn með vinnubókakennslunni er að fá nemendur til að hugsa um tungumálið. Hægt er að flokka eyðufyllingaræfingar undir endurtekningaræfingar en þeim er ætlað að nemendur leysi úr þeim jafn óðum og þau eru lögð fyrir. Þannig endurtaka nemendur verkefnið nokkrum sinnum og þjálfast í notkun málsins (Ingvar Sigurgeirsson, 2013, bls. 88).

Til að móðurmálakennsla beri þann árangur sem vænst er þurfa kennslubækur að uppfylla þær kröfur að nemendur læri móðurmálið á sem skilvirkasta hátt. Þá er æskilegt að

móðurmálskennslan sé ekki hólfuð niður heldur kennd í samfellu, það er að segja, tengja hana við allar námsgreinar. Þá þarf að leggja áherslu á ritmálið svo nemendur nái tökum á því hvar sem þeir eru staddir í lestrarkunnáttu sinni þegar þeir hefja skólagöngu. Gefa þarf gaum að félagslegu og menningarlegu auðmagni sem felst í móðurmálskennslu ekki síður en ritunaræfingum. Ákveðin hættu er á að þessum þáttum verði ekki gefinn nægilegur gaumur vegna þess hversu mikil áhersla er lögð á ritunar- og lestrarfærni nemenda Félagslegi þátturinn í móðurmálskennslu er ekki síður mikilvægur en málfræðireglur tungumálsins (Ásgrímur Angantýsson, 2014, bls. 18-19).

Yfirleitt eru nemendur grunnskóla, sérstaklega efri bekkja, vinnufúsir og tilbúnir til að leysa þau verkefni sem fyrir þá eru lögð og vonast þeir til að uppskeran verði góð einkunn. Ef nemendur þekkja tilgang námsins, til hvers er ætlast af þeim og þau fá greinagott svar við spurningunum *af hverju* eða *til hvers* aukast líkur á að þeir stundi námið enn betur en ef svarið er *af því bara* eða eitthvað álíka sem er ekkert svar (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2002, bls. 10 – 11).

Huga þarf sérstaklega vel að nemendum sem slakar standa og styrkja þá. Vanmáttur og minnimáttarkennd eiga auðveldan aðgang að þeim. Nemendur sem eiga auðvelt með að læra málfræðina fá oftast en hinir viðurkenningu frá kennaranum sem eykur enn frekar á minnimáttarkenndina og vanmáttinn hjá hinum. Það að beina sjónum með umbun í huga að þeim nemendum sem þurfa ekki hvað síst á hvatningunni að halda, hefur oftast en ekki jákvæð áhrif á námsgetu og námsvilja (Ásgrímur Angantýsson, 2014, bls. 17).

Til þess að takast megi að gera nemendur að betri málnotendum þurfa kennarar að víkka sjóndeildarhring þeirra með því að auka við þekkinguna og byggja á þeim grunni sem þegar hefur verið reistur er þeir hefja skólagönguna. Það er til dæmis gert með því að nota hugtök tengd málfræðinni, nota þau þannig að þau verði nemendum eðlisleg með auknum skilningi á bæði málfræði og orðmyndun. Þannig eykst orðaforði og dýpri skilningur á málinu og því umfjöllunarefni sem verið er að vinna með. Samvinna kennara skiptir þar miklu máli til að ná bestum árangri. Nemendur hafa sjálfir sagt að það að fá tækifæri til að glíma við flókin viðfangsefni tungumálsins hafi hjálpað þeim hvað mest að verða betri námsmenn. (Guðrún Egilsson, 1998, bls. 50).

Málfræðikennsla þarf alls ekki að vera þurr og leiðinleg. Tungumálið er lifandi og skemmtilegt og þannig ætti málfræðikennslan einnig að vera. Hægt er að kenna málfræði með því að leika sér með málið. Sú aðferð býður upp á að tengja málfræðikennslu við heildstæða

málnotkun. Þegar verið er að kenna heilstæða málnotkun, tengjast margir þættir saman (Halldóra Björt Ewen, 2008, bls. 46).

Móðurmálskennslan þarf að hafa augljósan tilgang sem bæði kennarar og nemendur gera sér grein fyrir. Kennarar þurfa að vita nákvæmlega hvað þeir eru að fara að kenna og ekki síst af hverju. Ef þeir vita það þá geta þeir komið námsefninu enn betur frá sér en ella. Til þess að móðurmálskennsla skili sem bestum árangri er æskilegt að „tengja saman þætti eins og lestur, talað mál og framsögn, hlustun og áhorf, ritun og málfræði“ (Lilja Ólafsdóttir, 2002, bls. 5). Þannig getur kennari til dæmis lagt fyrir ákveðið lestrarefni þar sem reynir á skilning nemandans á því sem hann les. Nemendur þurfa að segja frá því sem þeir lásu með framsögn, hlusta á það sem hinir hafa að segja, sýna áhuga með því að horfa á þá og svo að lokum getur kennarinn lagt fyrir skriflegt verkefni þar sem reynir á ritun og um leið gert kröfur um gott málfar. Þannig eru allir þættir nýttir í einu. Þó er vel hægt að ná árangri án þess að vinna með alla þætti í einu. Leggja má áherslu á einn þátt þar sem jafnvel eingöngu er hugsað um hann einan. Til að mynda þegar verið er að finna rót orða, þá fer það ekki saman við tíð sagna svo eitthvað sé nefnt nema verið sé að vinna með rót og stofn sagnorða (Finnur Friðriksson munnleg heimild, 6. apríl 2017).

Að hausti er mikilvægt að móðurmálskennarar ígrundi málfræðikennslu komandi skólaárs vel. Stefna málfræðikennslunnar og tilgangur þarf að liggja ljós fyrir. Ef kennari skynjar ekki sjálfur tilganginn er lítil von til árangurs. Kennarar þurfa að hafa tvo punkta að leiðarljósi, annars vegar eru það kröfurnar sem móðurmálskennslu er ætlað að standast samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla og hins vegar þarf kennarinn að huga að samræmdum prófum, ef ekki í þeim bekk sem hann er að kenna, þá þarf leiðin þó alltaf að liggja að þeim. Kennarinn þarf að vera vel meðvitaður um hvaða þættir það eru sem þessi samræmdu próf mæla og búa alla nemendur sem best undir það. Þess vegna er mikilvægt að hafa markmið og skipulag í samræmi við tilgang og niðurstöður (Ragnar Ingi Aðalsteinsson, 2002, bls. 10).

Þessi kafli hefur fjallað um hvernig æskilegt er að kenna málfræði og ýmsar hugmyndir um kennsluáferðir hafa verið viðraðar. Í næsta kafla verður vöngum velt yfir hvenær formleg málfræðikennsla skuli hefjast og hvaða málfræði skuli kennd í leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.

6. Hvenær á að kenna málfræði

Aðalnámskrá grunnskóla (2013, bls. 102 – 103) gefur skýr fyrirmæli um hvaða málfræði nemendur eiga að kunna skil á við lok fjórða, sjöunda og tíunda bekk og geta kennarar því miðað kennsluna út frá henni. Byggja þarf jafnt og þétt ofan á þá þekkingu sem fyrir er.

Mörgum börnum þykir málfræði skemmtileg og kemur til kasta kennarans að gera hana það áhugaverða að allir geti notið hennar. Hægt er að byrja strax á fyrsta ári grunnskóla með því að nemendur spreyti sig á til dæmis fallbeygingu nafnorða og stigbreytingu lýsingarorða. Getur þá kennarinn lagt fyrir lifandi verkefni sem eiga stoð í raunveruleikanum til að auðvelda nemendum að skynja tilgang námsins.

Málfræði getur verið kveikja að áhuga nemenda um tungumálið og margt getur verið miklu skemmtilegra en eyðufyllingaverkefni. Má þar nefna „máltaka barna, mál beggja kynja, slangur, nýyrði, orðræðugreining, málbreytingar, staðbundnar mállýskur og félagsleg málbrigði“ (Gyða Erlingsdóttir, Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, Þorsteinn Surmeli, 2013, bls. 18). Því fyrr sem byrjað er að kenna börnum málfræði, því auðveldara eiga þau með að skilja hana. Hægt er að kenna öllum börnum á öllum aldri og það er aldrei of snemmt að byrja. Með því að kafa dýpra í málfræðina og skoða hana, getur auðveldlega orðið til kveikja að áhuga sem gæti varað í lengri tíma.

6.1. Leikskólinn

Hægt er að byrja að styrkja hljóðkerfisvitund barna í leikskólum með því að fjalla um einstaka staf, hvernig hljóð þeir mynda og þjálfna færni þeirra þannig að þau eigi þá auðveldara með að tengja fleiri en einn staf saman og mynda þannig orð. Þannig iðka þau móðurmálið án þess að þeim sé formlega kennt það. Lestrarfærni barna á þessum aldri, sem eru full af áhuga á tengingu stafanna, eykst mjög hratt þegar þau ná tókum á þessari tengingu (Baldur Sigurðsson, 1992, bls. 35). Þannig er hægt að undirbúa nemendur leikskóla undir nám í grunnskóla.

6.2. Grunnskólinn

Fyrstu fimm til sex ár grunnskólans er móðurmálið þungamiðja alls náms. Æskilegast væri að helsta áherslan væri á móðurmálið alla skólagöngu, á hvaða stigi sem er.

Sum börn eru farin að stauta sig í gegnum einfaldan texta þegar þau koma í grunnskóla. Önnur eru með öllu ólæs og þekkja fáa eða enga stafi. Eftir því sem fram líða stundir geta börnin farið að lesa og skrifa og iðkað þannig sína málfræði, eða eins og Baldur Sigurðsson (1992, bls. 35) segir: „Málvitund barnsins fleygir fram á þessu tímabili, vitund þess um einingar málsins vex og það getur greint hlutverk þeirra og merkingu, og leikið að þeim í stafa- og rímþrautum af ýmsu tagi. Með því að blanda saman málfræði og merkingu orða eykst orðaforði nemenda á einfaldan, skemmtilegan og lifandi hátt.“

Strax á yngri stigum grunnskólans er hægt að byggja enn frekar ofan á þá þekkingu sem fyrir er með því að bæta inn fleiri hugtökum, til að mynda að greina rót og stofn orða og finna skyldleika orða, samsett orð að viðbættum viðskeytum og forskeytum svo eitthvað sé nefnt. Baldur Sigurðsson (1992, bls. 36) stakk upp á þeirri hugmynd að hægt væri að taka fyrir eitt orð á viku og greina það, flokka og beygja eftir því sem við á. Finna skyld orð og búa til setningar með orðinu. Börnin æfa sig í að skrifa orðið og kynnast þannig hvernig það er ritað og breytist eftir tölu og kyni svo eitthvað sé nefnt. Til dæmis er hægt að nota orðið *köttur* með því að finna stofn, kyn, greini, hægt að fallbeygja og tengja við eigin reynslu þar sem flest ef ekki öll börn hafa séð kött, þannig tengja þau við eigin reynslu og málfræðilærdómurinn verður þar af leiðandi lifandi. Þá geta börnin búið til málshætti með orðinu og jafnvel orðatiltæki en samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla eiga nemendur að geta „notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt“ (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2013, bls. 105). Með því að byrja strax í upphafi skólagöngu að nota málið á þennan hátt er auðveldara að byggja ofan á þá þekkingu sem þessi kennsluáferð býður uppá.

Eftir því sem börnin eldast verður málfræðin flóknari og farið verður að kafa dýpra í fræðin. Þá fara þau að mynda eitt orð af öðru og bæta við forskeyti og viðskeyti. Þá geta þau farið að rugla orðum innan setninga án þess að merking hennar breytist. (Baldur Sigurðsson, 1992, bls. 35). Þá eiga nemendur við lok sjöunda bekkjar að geta „greint til að mynda fallorð og óbeygjanleg orð og greint hlutverk og helstu einkenni þeirra“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2013, bls. 104) og við lok tíunda bekkjar eiga nemendur að geta

meðal annars geta „áttað sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra...“ (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, bls. 104).

Hætt er við að íslenskukennslan einangrist á efri stigum grunnskólans. Þá er íslenskan orðin sérgrein með helstu áherslum á undirflokkana svo sem stafsetningu, málfræði og bókmenntir.

6.3. Framhaldsskólinn

Í framhaldsskóla er íslenskan sérgrein í enn meiri fjarlægð frá öðrum námsgreinum en hún var í efri bekkjum grunnskóla. Gert er ráð fyrir að nemendur komi vel undirbúnir í framhaldsskóla og að ekki þurfi að kenna málfræði þar. Við Menntaskólann á Egilsstöðum er til að mynda fyrsti íslenskuáfanginn um ritun og ritgerðarsmíð þar sem nemendur eru þjálfðir í ritunaræfingu sem undirbúningur undir frekari ritgerðarsmíð. Bókmenntaáfangar koma svo í kjölfarið (Menntaskólinn á Egilsstöðum, 2014). Engir sérstakir málfræðiáfangar eru kenndir við ME.

Íslenskukennsla í framhaldsskólum leggur meiri áherslu á bókmenntir en málfræði. Það tækifæri að kynna dýpri umfjöllunarefni fyrir nemendum er ekki nógu vel nýtt.

Við Menntaskólann við Hamrahlíð var boðið upp á áfanga sem fjallaði einungis um málfræði en tilgangurinn var að opna augu nemenda fyrir fjölbreytileika málfræðinnar. Einnig var áhersla lögð á gagnrýna hugsun nemenda og ætlunin var að fá þá til að líta á málfræðina sem tæki tungumálsins til að glæða það lífi og fjalla um það sem hluta af okkur sjálfum, það er að segja, sjá hvernig við sjálf beitum tungumálinu. Sem dæmi má nefna var bent á tvíraðni forsetningaliða. Sumir nemendanna sem sóttu námskeiðið, sóttu það til að læra málið rétt, aðrir höfðu áhyggjur af framtíð tungumálsins og vildu sjá hver staða þess væri. Svo var einn hópur í viðbót sem hafði áhuga á tengingu tungumálsins við félagslega stöðu einstaklinga. Námskeiðinu var ekki ætlað að greina rétt mál frá röngu heldur yrði mismunandi málnotkun skoðuð. Til þess þurftu nemendur að gera rannsóknir, t.d. á því af hverju fólk notar málið á mismunandi hátt. Undirbúningur rannsóknarinnar var að lesa fræðirit og greinar, ígrunda málfræðifræðina, athuga hvað fræðimenn hafa skrifað og grúska í því að hverju aðrir hafa komist í þessu sambandi. Þannig köfðu nemendur í málfræði til að kynna sér eigin rannsóknir, þjálfuðust í lestri fræðigreina og þurftu að beita gagnrýninni hugsun og ígrunda vel eftir hverju þeir voru að leita. Þá var málfræðin orðin lifandi og tilgangsrik. Nemendur

komust ekki að einni sannri niðurstöðu en þekking þeirra á tungumálinu jókst og þeir æfðust í gagnrýninni hugsun og faglegum vinnubrögðum. Nemendur námskeiðsins kynntust í námskeiðinu því sem fræðimenn hafa skrifað um tungumálið. Þeir kynntust rannsóknum sem gerðar hafa verið um sama efni og þeir sjálfir voru að rannsaka og margar nýjar hugmyndir að frekari rannsóknum kviknuðu hjá þeim (Halldóra Björt Ewen, 2008, bls. 47).

Rannsóknir þurfa hvorki að vera stórar eða viðamiklar aðalmálið þegar í framhaldsskóla er komið er að glæða tungumálið lífi með fjölbreyttum kennsluaðferðum þar sem nemendur taka sjálfir beinan þátt í náminu í stað þess að vera eingöngu móttakendur fyrir því sem kennarinn leggur fyrir. Þannig auðgar málfræðin kennsluna og gerir námið skemmtilegra og áhugaverðara en ella.

Við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu er boðið upp á áfanga sem heitir ÍSLE3VM05 eða Verkefnaáfangi í málvísindum en í honum eru kynnt „undirstöðuatriði í almennum málvísindum með hliðsjón af íslenskri málfræði og málfræði þeirra erlendu tungumála sem nemendur hafa lært“ (Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu). Þar er einnig skoðuð breytingin sem hefur átt sér stað í tungumámlinu frá upphafi ritaldar.

Áfangar þar sem áherslan er á málvísindi og almenna málfræði eru alltaf af og til kenndir í framhaldsskólum landsins og höfundur tók til dæmis sjálfur áfanga við Framhaldsskólann í Austur-Skaftafellssýslu. Þar fengu nemendur nasapefinn af dýpri skilningi á málfræði en þeir fá á þeirri sem vanalega er kennd í skólum landsins. Forkröfur voru gerðar þar sem nemendur þurftu að hafa lokið að lágmarki 5 áföngum í íslensku á framhaldsskólastigi. Í þessum áfanga þurftu nemendur að þekkja málsöguna, hvaðan málið kom og hvernig það hefur þróast. Kynnt voru helstu atriði hljóðfræði, misjafnar mállýskur eftir landfræðilegri stöðu og fleira (Zopohnías Torfason, munnleg heimild, vorönn 2013).

Lokaorð

Helstu niðurstöður eru þær að málfræði sé mikilvæg hverju tungumáli og mikilvægt fyrir alla málnotendur að þekkja í það minnsta helstu reglur. Ekki eingöngu til að þekkja þær þekkingarinnar vegna heldur ekki síður til að þekkja uppruna sinn. Bein tenging er á milli málfræðiþekkingar, sjálfsvitundar og tengingar við uppruna sinn. Móðurmálið sameinar fólk samfélagsins í þá þjóð sem það tilheyrir og því er mikilvægt að þekkja sitt móðurmál. Þar af leiðandi er mikilvægt fyrir alla að skilja tungumálið, ekki bara kunna að nota það, heldur skilja málfræðireglurnar sem tungumálið byggir á. Þrátt fyrir að börn kunni að beita helstu málfræðireglum þegar það er orðið altalandi og hefur skólagöngu sína þá er mikilvægt að það skilji hvernig málið er byggt upp. Það eykur þjóðerniskennd og styrkir sjálfsvitund. Þrátt fyrir að menn greini á um hvenær formleg málfræðikennsla skuli hefjast þá eru menn sammála um að mikilvægt sé fyrir alla að þekkja og skilja málfræðireglur þær sem tungumálið er byggt á. Mikilvægt er að geta fjallað um tungumálið, talað um það og talað um málfræðina, ekki síst sem undirbúning undir nám í erlendum tungumálum. Tengsl eru á milli skilnings á málfræði móðurmálsins og skilnings á málfræði erlendra tungumála. Þeir sem eiga auðvelt með að tala um sitt eigið tungumál eiga almennt auðveldara með að læra erlend tungumál.

Auk þess er ekki síður mikilvægt er að kennarinn sjálfur sjái tilganginn með málfræðikennslunni, geti útskýrt hann fyrir nemendum og geti komið efninu til skila til nemenda sinna. Einnig er mikilvægt að nota fjölbreyttar aðferðir og passa upp á að engin ein aðferð sé notuð í óhófi. Það á meðal annars við um eyðufyllingar og endurtekningaæfingar sem verða leiðgjarnar einar og sér en sem eru samt sem áður mikilvægar því þær festa frekar í minni nemendanna það sem verið er að þjálfra. Því eru fjölbreyttar kennsluaðferðir við málfræði ekki síður mikilvægar en í öðrum námsgreinum.

Málfræði er ekki bara gagnleg og í raun nauðsynleg námsgrein heldur á hún að geta verið bæði skemmtileg og skapandi.

Heimildir

- Ásgrímur Angantýsson. (2014). Þrástef og þagnir í málgagni móðurmálskennara. *Skíma*, 37, 16-19.
- Baldur Sigurðsson. (1992). Á að kenna málfræði í skólum eða iðka hana? *Ný menntamál*, 10 (1), 49-53
- Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu. (2017). *Námskrá.is*. Sótt frá <http://namskra.is/courses/5513d38f62933a4692003ced>
- Guðmundur Engilbertsson. (2015). Árangurríkar aðferðir í námi og kennslu. Rannsóknir og námsárangur. *Skíma*, 38, 14-16.
- Guðrún Egilsson. (1998). Að brjóta málið til mergjar í grunnskóla. Getur það borið dauðann í sér? *Skíma*, 21 (1), 49-50.
- Guðrún Kvaran. (2016). *Hvað er móðurmál*. Sótt frá Vísindavefur. <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=1546>
- Gunnar E. Finnbogason. (2011). *Hverjar eru helstu uppeldis- og menntahugmyndir Jerome S. Bruners?* Sótt frá Vísindavefur. <https://www.visindavefur.is/svar.php?id=61178>
- Gyða Erlingsdóttir, Hjördís Alda Hreiðarsdóttir, Þorsteinn Surmeli. (2013). Nýtum tækifærið! um málfræðikennslu í framhaldsskólum. *Skíma*, 1 (36), 18-20. Reykjavík: Samtök móðurmálskennara.
- Halldóra Björt Ewen. (2008). Málfræði er skemmtileg. *Skíma*, 31(2), 46-47.
- Höskuldur Þráinsson. (1981). Mál og skóli. *Skíma*, 4 (2), 5-12. Reykjavík: Samtök móðurmálskennara.

Höskuldur Þráinsson. (1998). Hvað á að kenna í málfræði í skólum og hver á að kenna það? Í Baldur Sigurðsson, Sigurður Konráðsson og Örnólfur Thorsson (ritstj.). *Greinar af sama meidi: Helgaðar Indriða Gíslasyni sjötugum* (bls. 131-158). Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.

Höskuldur Þráinsson. (2005). *Setningar*. Reykjavík: Almenna bókafélagið.

Indriði Gíslason. (1987). Hvaða kröfur þarf að gera til móðurmálskennara? Í *Móðurmálið: fjórtán erindi um vanda íslenskrar tungu á vorum dögum* (bls. 57-61). Reykjavík: Vísindafélag Íslendinga.

Ingvar Sigurgeirsson. (2013). *Litróf kennsluaðferðanna*. Reykjavík: Iðnú.

Lilja Ólafsdóttir. (2002). Lífandi mál. *Skíma*, 25 (2), 5-8.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2013). *Mennta- og menningarmálaráðuneyti*. Sótt frá <http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefing-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola>

Menntaskólinn á Egilsstöðum. (2017). *Námsbrautir frá 2014*. Sótt frá <http://me.is/namidh/namsbrautir/namsbrautir-fra-2014/1001-althjodabraut-2.html>

Ragnar Ingi Aðalsteinsson. (2002). Hugleiðingar um málfræðikennslu í grunnskólum. *Skíma*, 25 (2), 9-11.

